

Ég andmæli áformum um álagningu veggjalda eins og þær koma fram í forsendum meiri hluta Umhverfis- og samgöngunefndar.

Ástæðurnar eru:

1. Það eru engin rök fyrir að leggja sérstök gjöld á þá sem keyra ákveðnar leiðir oftar en aðrir. Gott samgöngukerfi nýtist öllum og kemur öllum til góða á meðan kostnaður við gallað samgöngukerfi lendir á öllum.
2. Jafnvel í þessum hugmyndum virðist talsvert ósamræmi milli skattlagningar og notkunar, þeas. þeir sem þurfa oft að aka tiltölulega fáar leiðir niðurgreiða úrbætur til annarra.
3. Reynslan hefur sýnt að sértekjur ríkissjóðs hafa gjarnan runnið til annarra málefna eftir „stutt stopp“ í ætluðum málaflokki.
4. Það eru til mun sanngjarnari leiðir við að leggja gjöld á notendur samgangna þannig að það væri í réttu hlutfalli við notkun, en sbr. lið 1. ekki eitthvað sem ég mæli með.
5. Þá eru til mun einfaldari og ódýrari aðferðir en veggjöld, en aftur, ekki eitthvað sem ég styð.
6. Á meðan hægt er að auka útgjöld til málaflokka eins og trúfélaga, langt umfram verðlag, virðist vera nægt fé í ríkissjóði.

Bestu kveðjur / Best wishes

Valgarður Guðjónsson